

Fagráð í hrossarækt

108. fundur

Staður og stund: Teamsfundur, þriðjudaginn 14. febrúar 2023. Kl. 15.00

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Sveinn Ragnarsson, Sýlvía Sigurbjörnsdóttir, Gunnar Kristinn Eiríksson, Mette Mannseth. Erlendur Árnason, Guðni Halldórsson og Elsa Albertsdóttir.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Sýningargjöld kynbótahrossa 2023
3. Samantekt ársþings FEIF 2023
4. Búgreinaping hrossabænda
5. Önnur mál.

1. Fundarsetning

Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólk velkomið.

2. Sýningargjöld kynbótahrossa 2023

Fjallað var um fyrirhugaða hækkun sýningargjalda 2023. Formaður fagráðs kallaði eftir upplýsingum um fyrirhuguð sýningargjöld kynbótahrossa til Ráðgjafamiðstöðvar landsbúnaðarins (RML). Þar kom fram að það hafi verið hallarekstur undanfarin ár og núverandi umsókn um hækkun sýningargjalda væri til að mæta því ásamt fyrirhuguðum verðlagshækkunum s.s. launa og vallargjöldum að ónefndri hækkun vísitölu og verðbólgu. Fagráð í hrossarækt telur hækkunina of bratta og hafnar henni að svo stöddu og mun senda erindi þess til RML og ráðuneytisins. Þá vill fagráð að leitast verði leiða til að lækka kostnað við kynbótasýningar eins og kostur er auk þess að leita leiða til að tryggja tekjustofn sýninga með öðrum hætti en einungis sýningargjöldum. Einstaklingssýningar hrossa eru hornsteinn kynbótastarfsins og grundvöllur kynbótamats. Það njóta allir hrossaræktendur sem taka þátt í opinberu kynbótastarfi þeirra gagna sem verða til á kynbótasýningum og afleiður þeirra. Að lokum telur fagráð það bagalegt að upplýsingar um mögulega hækkun sýningargjalda árlega séu ekki borin undir fagráð í hrossarækt áður en efni þess sé sent inn til samþykktar í ráðuneytinu.

3. Samantekt frá ársþingi FEIF 2023

Elsa fór yfir það helsta sem fór fram á ársþingi FEIF 2-4. febrúar síðastliðinn. Ársþingið hefst á Delegates assembly (DA) þar sem kosið er um samþykktir á breytingum reglna á nefndarfundum og ræktunarleiðtoga fundum frá árinu áður. Ferli

reglubreytinga í FEIF er hægfara, þ.e. það tekur vanalega ár að samþykkja þær. Þetta er m.a. til að tryggja næga umfjöllun um fyrirhugaðar breytingar og kynningu á þeim. Varðandi reglubreytingar er hægt að vísa til G7-10, B1-B6 í

https://www.feiffengur.com/documents/FEIF_Rules_Regulations_breeding_2022.pdf.

Aðalbreytingin sem samþykkt var, er að einfalda leyfðan búnað á kynbótasýningum þannig að nú er leyfð einföld hringamél og íslenskar stangir með einum taum. Áður var listi yfir bannaðan búnað sem fellur úr gildi 1 apríl n.k.. Aðrar breytingar voru minniháttar, t.d. orðalag og yfirferð á texta. Í kjölfar DA var ræktunarleiðtogafundur þar sem ræddar voru tillögur á reglubreytingum sem kosið verður um á DA árið 2024 og svo reglugerðarbreytingum (G1-G6, G11 og B7-B11 í heimildinni hér að ofan). Helsta reglubreytingin sem liggur fyrir að kjósa um á DA 2024 snýr að því að hross sem fædd eru árið 2024 verði að hafa ætternisstaðfestingu þegar þau koma fram á opinberum vettvangi FEIF. Í ljósi þessa hefur nú þegar verið hafið átak í fjölgun DNA sýnataka hér á Íslandi m.a. að auðvelda DNA sýnatökur þar sem örmerkingaraðilar geta nú sótt sér aðstoð og kennslu í töku sýna, þá verður samhliða örmerkingu hægt að taka DNA sýni úr folöldum. Þá var samþykkt reglubreyting á siðareglum aðstandenda sýndra hrossa þar sem hámarksfjöldi áminninga og opinbera áminninga var ákvarðaður. Tillaga varðandi tímaramma sem snýr að endursýningu kynbótahrossa var ekki samþykktur en beint í frekari umfjöllun á komandi haustþingi FEIF 2023. Þessi breyting þótti þarfnast frekari umfjöllunar en afar gild í sjálfu sér, sér í lagi í tengslum við umræðu í samfélaginu sem hefur verið skilgreind sem samfélagssáttmáli um notkun hrossa (Social License to Operate, SLO). Ein reglugerðarbreyting sem samþykkt var og er vert að minnast á er að sömu kröfur eru gerðar til 4 og 5 vetra hrossa varðandi tengsl hægs tölts og tölts fyrir hinar hærri einkunnir (9.0 og 9.5-10). Aðrar samþykktar breytingar á reglum og reglugerðum voru minniháttar og snéru aðallega um skilgreiningu á hvernig skuli viðhalda alþjóðlegum prófum kynbótadómara og sýningarstjóra/mælingarmanna.

Sameiginlegir fundir og framsögur allra nefnda FEIF snéri að fyrrnefndu SLO umræðu og hvers konar áreiti og ofbeldi sem getur þrífist á samstarfsvettvangi hestamenskunnar.

4. **Búgreinaping hrossabænda**

Búgreinaping verður haldið 22 febrúar n.k og kynnti Sveinn, formaður fagraðs, helstu dagskrárliði en þar mun Sigríður Jónsdóttir á Keldum fara yfir sumarsexems verkefnið, Elsa mun segja frá stöðu og áform hrossaræktarinnar sem hennar starf tekur á auk þess að kynna niðurstöður FEIF þings og DNA sýnatökur. Berglind Margo nýr verkefnastjóri HOL fjallar um verkefnið auk hefðbundinna verkliða búgreinapings. Þá kynnti Sveinn að hann mun ekki gefa kost á sér sem formaður hrossabænda.

5. **Önnur mál**

Ein umsókn fórst fyrir að fjalla um í Stofnverndarsjóð á síðasta fundi en núverandi framsetning er talin efnislega of víðtæk og verður því beint því til umsækjanda að sækja um aftur þegar búið er að uppfæra umsóknina.

Ekki voru önnur mál tekin fyrir.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 17:00

Við pennann: Elsa Albertsdóttir